

## **TIL ATHUGUNAR :**

### **LEITIR :**

1.leit verður laugardaginn 17. og sunnudaginn 18. september. II. leit verður laugardaginn 1. og sunnudaginn 2. Október . III. leit verður laugardaginn 15. október, ef veður leyfir. Svarfhólsmúli verður smalaður sunnudaginn 2. Október. Leitarstjóri í öllum leitum verður Gísli í Lækjarbug. Guðbrandur á Staðarhrauni stjórnar leit á Svarfhólsmúla .

Áríðandi er að leitarmenn séu vel útbúnir, og æskilegt að þeir hafi talstöðvar meðferðis . Þeir sem vilja fá flutning á farangri í 1.leit tilkynni það til Kristjönu á Skiphyl fyrir 16. september .

### **RÉTTIR :**

I. rétt verður mánudaginn 19.september og hefst kl.9. II. rétt verður sunnudaginn 2. október og hefst kl. 16. III. rétt verður mánudaginn 10.október og hefst kl. 11. Réttarstjóri í 1. rétt verður Sigurður á Kálfalæk, í II. og III. rétt Finnbogi í Hítardal .

### **HEIMASMÖLUN :**

Afréttarnefnd hefur ákveðið að heimalönd verði smöluð til III. réttar og fari sú smölun fram helgina 8. – 9. október . Minnt er á mikilvægi þess að góð samvinna sé milli jarða , svo árangur verði sem mestur . Umráðamönnum jarða er sérstaklega bent á þá skyldu að framkvæma þessa smölun .

### **VEITINGAR Í HÍTARDALSRÉTT:**

Umf.Björn Hítælakappi býður upp á súpu í fyrstu rétt.

### **ANNAÐ:**

Fjallskiladagsverkið er metið á kr. 10.000 . Fjallskilagjald á kind er kr.530.- Gjaldalagi fjallskilagjalda er 15. nóvember og skulu þau greidd til Afréttarnefndar Hraunhrepps .

Hítardal 30. ágúst 2016. Afréttarnefnd Hraunhrepps